

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/868
komudagur 20.1.2014

Reykjavík 16. janúar 2014

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs 169. mál

Fannborg ehf hefur ekki borist boð frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að senda inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, engu að síður þá leyfir félagið að senda þessa umsögn, enda telur félagið sig vera hagsmunaaðila á svæðinu.

Til upplýsinga skal þess getið að Fannborg ehf hefur frá 1961 rekið veitinga og gistiþjónustu í Kerlingarfjöllum, fram til ársins 2000 var aðaláherslan á skíðakennslu, síðan þá hefur áhersla verið lögð á rekstur gisti og veitingaþjónustu. Fannborg hefur ávallt átt lögheimili í Hrunamannahreppi en af praktískum ástæðum þá hefur félagið haft pósthöfn á heimili þess einstaklings sem með fjármál félagsins hefur farið. Félagið á einnig hús það sem Ferðafélag Íslands byggði árið 1938 og er þannig í raun með samfellda rekstarsögu sinna eigna er spanna tímabilið frá og með byggingu þess.

Viðhorf fannborgar ehf til máls nr 169, er varðar stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs eru þessi:

- Í fyrsta lagi þá tekur Fannborg ehf fagnandi öllu því sem gert er til að vernda viðkvæma náttúru Kerlingarfjallasvæðisins. Samhliða rekstri á aðstöðunni í dalnum Ásgarði og á þeim svæðum sem nýtt hafa verið til skíðaiðkna, þá hefur Fannborg lagt áherslu á að vernda umhverfið sem verða má, hefur það meðal annars verið gert með því að leggja áherslu á hreinsun úrgangs og annars sem ferðamenn hafa skilið eftir á Kerlingarfjallasvæðinu, nágrenni þess og meðfram Kjalvegi. Eins hefur Fannborg lagt vinnu í að hreinsa aflagðar mæðiveikigirðingar á Hrunamannafrétt. Jafnframt hefur Fannborg ehf hreinsað hæla og annað rusl meðfram vegslóðum sem munu liggja innan væntanlegs þjóðgarðs. Fannborg fagnar því að ríkið hyggist koma að þessum málum á jafn myndarlegan hátt og vænta má af lestri þingskjalsins og fylgigagna.
- Í öðru lagi þá vekur Fannborg ehf athygli á því að félagið hafði frumkvæði að því að stofna vínafélag Kerlingarfjalla, Fjallavínafélagið og fékk til bæði Hrunamannahrepp og Landvernd til liðs við sig til að vinna að þessu máli. Fannborg telur að félagið sjálft og Fjallavínafélagið hljóti að teljast „Heimamenn“ í Kerlingarfjöllum og lýsir ánægju með að greinargerðin er fylgir þingsályktuninni, taki fram að leita skuli samráðs heimamanna á svæðinu.
- Í þriðja lagi þá telur Fannborg mikilvægt að ábyrgð og umsýsla skipulagsmála á svæðinu verði ekki undirorpin óvissu og að ákjósanlegt sé að ábyrgðin verði hjá sömu aðilum og verið

hefur. Komi til þess að þessu fyrirkomulagi verði breytt og að þessi málaflokkur verði færður undir stjórn Þjóðgarðsins, þá þarf að tryggja að vera tryggt að stjórnin taki við og fylgi þeim samþykktum sem fyrirrennarar þeirra, Sveitarfélögin, hafa fylgt fram að stofnun Þjóðgarðsins.

- Að lokum áréttar Fannborg það eðlilega sjónarmið að strax við stofnun verði gengið frá samkomulagi við heimamenn um farveg þeirrar starfsemi sem þeir hafa stundað til þessa. Komi til þess að væntanleg stjórn Þjóðgarðsins ákveði að þrengja að eða breyta starfsumhverfi rekstraraðila sem eru á svæðinu, þá verði með gagnkvæmum samningum tekið tillit til og ákveðið hvernig farið skuli með rekstrarleg og eignaleg áhrif umræddra breytinga .

Ef eitthvað er óskýrt í ofangreindum texta að mati Umhverfis og Samgöngunefndar Alþingis, þá munum við að sjálfsgöðu svara spurningum sem upp kunna að rísa eða senda frekari skýringar verði þess óskað.

Fyrir hönd Fannborgar ehf



Páll Gíslason
framkvæmdastjóri